

## FUNDARGERÐ

### Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna Haldinn 29. maí 2024 á Hótel Reykjavík Grand

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2024 var haldinn á Hótel Reykjavík Grand, miðvikudaginn 29. maí 2024 kl. 17:00.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur fyrir árið 2023
- 2) Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins lágu voru aðgengilegar á skrifstofu sjóðsins að Skipholti 50b fyrir fundinn. Ársreikninga, fundargerðir, tryggingafræðilega athugun og fjárfestingarstefnur má nálgast á vefsíðu sjóðsins undir liðnum „Um sjóðinn“ og svo undir „Útgefið efni.“

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Ari lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik, fundarstjóri, tók við stjórn fundarins og bauð fundargesti velkomna. Hinrik lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki.

Hinrik, fundarstjóri, tók næst fyrir boðun fundarins og lýsti því yfir að hann teldi að boðað hafi verið til fundarins með löglegum hætti, í samræmi við samþykktir sjóðsins. Hinrikbað fundargesti að gera athugasemdir teldu þeir svo ekki vera. Enginn fundarmaður gerði athugasemd. Hinrik lýsti því þá yfir að fundurinn væri þar með löglegur.

Var næst gengið til dagskrár sbr. 6. gr. samþykktu Lífeyrissjóðs bankamanna, með breytingum samkvæmt ákvörðun fundarstjóra,:

Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Niðurstaða rafrænna kosninga.
- 2) Kjör til varastjórnar.
- 3) Skýrsla stjórnar.
- 4) Ársreikningur 2023 og fjárfestingarstefnur.
- 5) Tryggingafræðileg athugun.
- 6) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 7) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 8) Tilnefning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.
- 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 10) Önnur mál.

Á fundinum var sýnd glærुकyning samhliða dagskrá fundar. Kynningin er aðgengileg á vef sjóðsins, undir liðnum „Fréttir“, „Niðurstöður ársfundar 2024“. Þá er upptaka af fundinum aðgengileg undir „Fréttir“, „Ársfundur 2024 – beint streymi“.



Fyrsti dagskrárliður fundar var niðurstaða rafrænna kosninga.

### **1) Niðurstaða rafrænna kosninga.**

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti niðurstöður rafrænna kosninga.

Í máli Tryggva kom fram stjórn sjóðsins skuli skipuð sex stjórnarmönnum, þremur kjörnum af aðildarfyrirtækjum og þremur kjörnum af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins, líkt og nú væri verið að gera.

Framboðsfresti til stjórnar sjóðsins lauk 15. maí 2024 og bárust 6 gild framboð. Rafræn kosning hófst 22. maí kl. 17:00 og lauk 28. maí kl. 17:00.

Niðurstaða rafrænna kosninga var sú að Steinunn Anna Hannesdóttir, Jón Fannar Guðmundsson og Sindri Reynisson voru kjörin í stjórn sjóðsins af sjóðfélögum. Nánari upplýsingar má finna á bls. 5 í kynningu.

Annar dagskrárliður var kjör í varastjórn sjóðsins.

### **2) Kjör til varastjórnar.**

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti kjör til varastjórnar og kom fram í máli hans að sjóðurinn gerði ráð fyrir að frambjóðendur til aðalstjórnar gæfu jafnframt kost á sér til varastjórnar, næðu þeir ekki kjöri til aðalstjórnar.

Niðurstaða kjörs til varastjórnar var sú að sjálfkjörið var í varastjórn í samræmi við niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs, þ.e. Ari Skúlason, Helga Jónsdóttir og Grettir Jóhannesson voru sjálfkjörin í varastjórn sjóðsins. Nánari upplýsingar má finna á glæru 7 í glærुकynningu.

Tryggvi gaf orðið laust til fundarmanna um stjórnarkjör. Enginn bað um orðið.

Næsti dagskrárliður var skýrsla stjórnar.



### 3) Skýrsla stjórnar.

Ari Skúlason formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna flutti skýrslu stjórnar.

Með leyfi Ara er skýrsla stjórnar birt hér:

#### „Skýrsla formanns á ársfundum Lífbank 29. maí 2024

Fundarstjóri, góðir fundarmenn og ágætu sjóðfélagar.

Nokkur orð í upphafi um niðurstöðu kosningar sem var kynnt hér áðan.

Ég hef setið í stjórn Lífeyrissjóðsins í sex ár og verið formaður öll árin. Ég var í miklum vafa um hvort ég ætti að gefa kost á mér einu sinni enn þetta skiptið, en fannst að það væri kannski ekki rétt að hlaupa frá öllum þeim verkefnum sem stjórn sjóðsins er að vinna að. Nú er búið að velja fyrir mig, sjóðfélagar hafa talað og auðvitað er það lokaorðið, og það ber að sjálfsögðu að virða.

Ég hef tekið þátt í félagsmálum nær alla ævina, hef tekið þátt í mörgum kosningum og hef bæði reynslu af því að sigra og tapa. Á langri ævi hef ég líka lært að enginn er ómissandi og ég held að við getum öll fagnað miklum áhuga yngra fólks að starfa fyrir sjóðinn. Ég óska nýjum stjórnarmönnum innilega til hamingju með kjörið og vona að þau komist klakklaust í gegnum síur Fjármálaeftirlitsins. Það eru mörg brýn verkefni sem stjórn þarf að fást við, nú er það ekki mitt lengur að vinna að þeim lausnum og ég færi mig til hliðar með bros á vör. Jóhanna Sigurðardóttir sagði einu sinni – minn tími mun koma, nú get ég sagt með sömu sannfæringu – minn tími er liðinn.

Og nú er það ræðan sem ég var búinn að undirbúa fyrir þennan fund.

Þessi árin eru flestir lífeyrissjóðir að fást við þá staðreynd að lífaldur er sífellt að lengjast og sú þróun hefur veruleg áhrif á lífeyriskerfið. Fólk fær nú lífeyri í fleiri ár en áður og sífellt þarf að huga að því að uppsöfnunin sé nægileg til þess að dæmið gangi upp.

Lífeyriskerfið okkar er þannig sífellt í umræðunni enda stórt og glæsilegt og skiptir marga miklu máli. Um næst síðustu áramót (árslok 2022) nam stærð lífeyriskerfisins okkar, uppsparað og ávaxtað fé, um 176% af landframleiðslunni sem var þá hæsta hlutfall meðal OECD þjóða. Þá voru Holland og Sviss einu löndin í heiminum með álíka stórt lífeyriskerfi af sama toga og okkar. Árið þar á undan var stærð lífeyriskerfis okkar rúmlega tvöföld landsframleiðsla og þá vorum við með mjög mikla sérstöðu. Á síðustu tveimur árum hafa fjármálamarkaðir leikið lífeyriskerfi okkar frekar illa sem minnkar hlutfallslega stærð kerfisins töluvert.

Við heyrum oft hvernig sumir vilja eigna sér kerfið okkar og ráðskast með það, sérstaklega stjórnvöld og svo einstaka lukkuriddarar í verkalýðsforystunni sem vilja beita því í pólitískum tilgangi. Í hinni margumtöluðu sölu hlutar ríkissjóðs í Íslandsbanka í hitteðfyrra kom t.d. fram það skrytna sjónarmið af hálfu stjórnvalda að nú þyrfti að finna nýja tegund af fjárfestum til þess að verða þolinmóðir eigendur að bankanum í stað þess að lífeyrissjóðir keyptu allt upp. Við þekkjum öll söguna hvernig fór og eftir sátu lífeyrissjóðirnir sem þolinmóðir fjárfestar með mun minni hlut en þeir hefðu viljað fá og sumir fóru út í að kaupa hluti á hærra verði en ella af þeim sem fengu að hirða skammtímahagnaðinn af sölunni og stungu snögglega af. Ég get ómögulega skilið hvað stjórnvaldið hafði á



móti lífeyrissjóðunum í þessu sambandi, ekki eru þeir óþolinmóðir fjárfestar og ekki hefðu þeir stungið af með skammtímahagnað.

Á síðustu ársfundum hef ég fjallað ég töluvert um breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem fólust aðallega í að þvinga alla sjóði í átt að lausnum sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið höfðu komið sér saman um í kjarasamningum. Í því tilviki tók löggjafinn að sér að vera til þjónustu reiðubúinn fyrir þessi stóru samtök og í slíkum tilvikum er erfitt að gæta sjálfstæðis og sjálfsákvörðunarréttar minni lífeyrissjóða eins og okkar. Tilraunin um að þvinga fram breytingar tókst reyndar ekki alveg, og í lokin voru gerðar breytingar á frumvarpinu sem margir gátu sætt sig við.

Enn eitt dæmið um um tilraun stjórnvalda til grófrar íhlutunar í málefni lífeyrissjóðanna voru hugmyndir fjármálaráðherra um að sjálfsgagt sé að lífeyrisþegar beri kostnaðinn af margra ára ævintýramennsku stjórnvalda í kringum Íbúðalánasjóð, en leifarnar af honum heitir núna ÍL-sjóður. Fjármála- og efnahagsráðherra ætlaði sér á sínum tíma að beita lagasetningu til að knýja fram gjaldþrotaskipti eða slit á ÍL-sjóði sem hefði falið í sér verulegt tap fyrir lífeyrissjóðina. Í raun snerust þessar tillögur í upphafi um hreina eignaupptöku. Þetta mál er enn í gangi og orðið að miklu vandræðamáli fyrir stjórnvöld. Vegna breytinga á markaðsaðstæðum eru möguleg áföll fyrir lífeyrissjóðina, fari svo að markmið stjórnvalda verði þvinguð fram, mun minni en leit út fyrir á sínum tíma. Lífeyrissjóðirnir í landinu hafa líka staðið þétt saman gegn stjórnvaldinu í þessu máli.

Þessi saga, eins og svo margar aðrar sýna hvernig stjórnvaldið telur sig sífellt geta ráðskast með lífeyrissparnað fólks eftir eigin geðþótta. Lífeyrissjóðakerfið hefur átt erfitt uppdráttar á síðustu tveimur árum vegna markaðsaðstæðna og lágrar ávöxtunar. Það er vægast sagt mjög skrytinn staða að stjórnvaldið í landinu skuli á sama tíma velja að auka óvissu og búa til ný vandamál þegar nóg er til af þeim fyrir.

Eins og alltaf standa íslenskir lífeyrissjóðir frammi fyrir miklum áskorunum. Aðal orsakavaldurinn fyrir helstu áskorunum er, eins og ég sagði í upphafi, að við erum sífellt að lifa lengur og sá tími sem sjóðirnir þurfa að greiða fólki lífeyri lengist sífellt. Á síðasta ári fór okkar sjóður út í aðgerðir við að jafna ávinnslu réttinda eftir aldri og svo að tryggja að sjóðurinn geti staðið við þær skuldbindingar sem hann er að lofa. Þá hafa erfiðar markaðsaðstæður og slægleg ávöxtun á síðustu tveimur árum gert stöðu Aldursdeildar erfiða þannig að nú stöndum við uppi með tillögu um skerðingu réttinda í deildinni, sem er í fyrsta skipti sem það gerist. Um það verður fjallað ítarlega síðar á fundinum. Á síðasta ári þurfti líka að skerða réttindi einu sinni enn í Hlutfallsdeild, en orsakir þess voru meira brostnar forsendur og að það var vitlaust gefið í upphafi eins og við vitum svo vel. Þrívegis hefur þurft að lækka réttindin í Hlutfallsdeild á síðustu 8 árum, samtals um ríflega 25%.

#### **Sérstakar aðstæður í okkar umhverfi**

Starfsmenn á fjármálamarkaði búa við nokkuð sérstakar aðstæður í lífeyrismálum. Iðgjald atvinnurekenda í skyldutryggingarhlutann er enn 6% og á móti koma 4% frá viðkomandi starfsmanni, 10% alls. Víðast hvar annars staðar á almenna markaðnum er iðgjald atvinnurekenda 11,5% og iðgjald starfsmanns 4%, þ.e.

15,5% alls. Við á fjármálamarkaði búum hins vegar við þá sérstöðu að vera með sérstaka 7% greiðslu í séreignarsjóð.

Í síðustu tveimur kjarasamningalotum hefur SSF, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, verið með þá kröfu að hækka iðgjald atvinnurekenda í skyldutryggingu úr 6% í 8% þannig að iðgjaldið hækki úr 10% í 12%. Tillaga um hækkun iðgjalds hefur einnig verið samþykkt hérna á ársfundum okkar sjóðs. Krafa um hækkun iðgjalds hefur ekki náðst fram. Reyndar fáum við alltaf það svar frá atvinnurekendum í samningaviðræðum að sjálfsagt sé að hækka iðgjald þeirra úr 6% í 8% með þeim hætti að séreignarframlagið lækki úr 7% í 5%, sem auðvitað kemur ekki til greina.

Þarna er verið að rugla saman tveimur óskyldum málum og það þarf sífellt að minna á söguna af 7% framlaginu í séreignarsjóð. Sú saga má ekki falla í gleymsku.

Það gleymist nefnilega oft í umræðunni að flest réttindi á vinnumarkaði hafa kostað mikla baráttu í gegnum árin og sum þeirra eru endurgjald fyrir réttindi sem hafa horfið. Þannig er það með séreignasparnaðinn okkar.

Þegar einka- og hlutafélagavæðing bankanna hófst á tíunda áratug síðustu aldar vildu stjórnendur þeirra og ríkissjóður losna við ýmsar ábyrgðir og skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsfólks. Þar var fyrst og fremst um að ræða bakábyrgð fyrirtækjanna á skuldbindingum lífeyrissjóða. En þarna var líka um að ræða góð réttindi til makalífeyris og 95 ára regluna sem kvað á um að þegar summa lífaldurs og starfsaldurs varð 95 ár gat starfsfólk kosið að hefja lífeyristöku strax með 75% af lokalaunum.

Bankarnir vildu losna við allar þessar ábyrgðir og vildu kaupa réttindin af starfsfólkinu. Það tók dágóðan tíma að reyna að semja um verðmæti réttindanna og margir reiknimeistarar komu þar að. Að lokum náðist samkomulag, sem reyndar varð til í gerðardómi, um að þessi réttindi sem við áttum umfram almenn réttindi í sameignarlífeyrissjóði og voru tekin af okkur, væru ígildi 7% launasummunnar og síðan hefur þetta hlutfall, 7% af launum, verið greitt í séreignarsjóði starfsmanna eftir 3ja ára starf skv. kjarasamningi SSF. Í upphafi voru greidd 2% fyrstu 3 árin sem hækkaði svo upp í 5,5% í kjarasamningunum 2019.

Það er því langt frá því að séreignasparnaðurinn hafi orðið til í venjulegum samningaviðræðum og því ber að umgangast hann miðað við það. Hann er ekki skiptimynt. Hann var verð þeirra réttinda sem starfsfólk á fjármálamarkaði missti á sínum tíma og margir eru reyndar á því að fyrirtækin hafi fengið að kaupa þessi réttindi á undirverði.

### **Landsréttur staðfestir dóm Héraðsdóms í máli Hlutfallsdeildar**

Eins og við höfum rætt á mörgum ársfundum birti Lífeyrissjóður bankamanna aðildarfélagum Hlutfallsdeildar og íslenska ríkinu stefnu haustið 2018 þar sem sjóðurinn taldi að samkomulag í tengslum við uppgjör ábyrgðar á skuldbindingum árið 1997 hafi verið ósanngjarnt, forsendur þess hafi brostið og aðildarfyrirtækin og ríkissjóður auðgast með óréttmætum hætti á kostnað sjóðsins og sjóðfélaga.

Stefnan var svo þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í október 2018. Málið var í gangi allt fram á síðasta ár og tapaðist bæði í Héraðsdómi og í Landsrétti. Málinu lauk svo endanlega í júní á síðasta ári þegar Hæstiréttur hafnaði umsókn okkar um áfrýjun á málinu. Málið mallaði því fyrir dómstólum í hátt á fimmta ár, en hófst í raun miklu fyrr þar sem tekist var á um ýmsa þætti þess. Ég held að flestir geti verið sammála um að réttlætinu var engan veginn fullnægt í þessu máli og niðurstaða þess sýnir að það er erfitt að berjast gegn stórum andstæðingum, ekki síst íslenska ríkinu. Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna telur að með höfnun Hæstaréttar á beiðni um áfrýjunarleyfi sé þessu máli lokið.

Í kjölfar þess að dómsmáli Hlutfallsdeildar er lokið hefur stjórn sjóðsins skoðað hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans og gera hann að einni einingu. Fljótt á litið virðist samt sem mörg ljón séu á veginum í því sambandi.

### **Framtíðin**

Stjórn sjóðsins hafði til skamms tíma gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins yrði með svipuðu sniði á allra næstu misserum í umhverfi mjög lágra vaxta og versnandi ávöxtunarkjara en aðstæður breytast stundum hratt eins og gerst hefur á síðustu teimur árum. Ávöxtun Aldursdeildar var afbragðsgóð á árinu 2021, mjög slök 2022 og frekar slök í fyrra. Við getum þó huggað okkur við að ávöxtun okkar sjóðs hefur verið vel fyrir ofan meðaltal allra sameignarsjóða síðustu ár og sama á við um 5 ára meðaltal ávöxtunar.

Eins og ég hef rætt á undanförunum ársfundum hefur umræða um framtíð sjóðsins verið ofarlega á dagskrá innan stjórnar á síðustu árum þar sem finna þarf bestu lausnir á hvernig beri að haga starfi og rekstri sjóðsins á næstu árum til þess að vernda hagsmuni sjóðsfélaga sem best, mögulega nánú samstarfi við aðra sjóði eða jafnvel sameiningu. Greiðandi sjóðfélögum Aldursdeildar fer stöðugt fækkandi, þó án þess að það sé verið að nálgast nokkur hættumörk. Stjórnin telur því nauðsynlegt að skoða möguleika um framtíð sjóðsins gaumgæfilega. Þar er þó um flókið mál að ræða og fletirnir sem koma upp ansi margir.

Á síðasta ári ræddum við t.d. beint við stjórnir Lífsverks lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs verslunarmanna um mögulegt samstarf. Lífsverk er opinn sjóður fyrir háskólamenntað fólk og er ekki sérstaklega stór. Þar kjósa sjóðfélagar alla stjórnarmenn þannig að þar er sjóðfélagalýðræði með besta móti. Þar sem sjóðurinn er opinn eyðir hann töluverðu fjármagni í auglýsingar og kynningar og því er rekstrarkostnaður töluvert meiri en í okkar sjóði. Lífeyrissjóður verslunarmanna er hins vegar risastór sjóður með tiltölulega lítinn rekstrarkostnað. Þar er sjóðfélagalýðræði hins vegar í lágmarki þar sem Samtök atvinnulífsins skipa helming stjórnarmanna og stjórn VR hinn helminginn. Sjóðfélagar ráða því nær engu um hverjir sitja í stjórn sjóðsins. Þetta eru dæmi um hvernig tveir mikilvægir þættir, rekstrarkostnaður og sjóðfélagalýðræði eru mjög mismunandi á milli sjóða.

Við höfum líka skoðað þann möguleika á að útvista rekstri sjóðsins og höfum í því sambandi fengið tilboð um rekstur frá tveimur stóru bankanna, Landsbankanum og Arion. Í því sambandi höfum við sannfærst um margt sem við vissum fyrir. Þar er mikilvægast að rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs bankamanna er með lægsta móti meðal sjóða og það er mjög hæpið að sjóðurinn spari mikið á því að útvista rekstrinum, allavega ekki til skemmri tíma.

### **Staða sjóðsins og Landsbankinn**

Að meðaltali greiddu um 1.486 sjóðfélagar iðgjöld til Aldursdeildar á árinu 2023 samanborið við 1.574 á árinu 2022 og 1.665 2021. Þetta er tæplega 11% fækkun á tveimur árum.

Það þarf ekki að vera óeðlilegt að greiðandi sjóðfélögum fari fækkandi þegar bæði hagræðing og fækkun í fjármálageiranum eru á fleygiferð. Stór ástæða fyrir því að fækkunin er meiri en ella er hins vegar sú að stjórnendur Landsbankans hafa brotið skyldur sínar gagnvart Lífeyrissjóði bankamanna með alvarlegum hætti á síðustu árum.

Landsbankinn, sem er stærsta aðildarfélag Lífeyrissjóðs bankamanna, hefur átt í samstarfi um sjóðinn við starfsfólk sitt í u.þ.b. 100 ár, en upphaflega hét sjóðurinn Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands og tók formlega til starfa 1. janúar 1929 eftir nokkurra ára undirbúning. Síðar hafa fleiri fyrirtæki og stofnanir orðið aðilar að sjóðnum, t.d. Seðlabanki Íslands og Reiknistofa bankanna.

Á síðustu mánuðum hafa stjórnendur Landsbankans leyft flutning fleiri tuga starfsmanna sinna úr Lífeyrissjóði bankamanna yfir í Íslenska Lífeyrissjóðinn, sem rekinn er af bankanum, algerlega í trássi við samþykktir sjóðsins og viðtekna reglur og venjur á íslenskum vinnumarkaði.

Sem sjóðfélagi og stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bankamanna og hluthafi í Landsbankanum og fyrrverandi starfsmaður taldi ég það vera skyldu mína að upplýsa um þessi mál á aðalfundi Landsbankans nú í vor með sama hætti og ég geri það hér. Ég hafði áður rætt þetta mál og mótmælt framferðinu við stjórnendur bankans, þar sem fátt var um svör.

Ég ræddi þessa stöðu líka við helstu kunnáttumenn landsins í lífeyrismálum og þeim fannst málið sérstakt og fordæmalaust. Ég taldi því nauðsynlegt að upplýsa um málið með formlegum hætti á aðalfundi bankans, m.a. til að koma í veg fyrir að ég og aðrir stjórnarmenn sjóðsins séum sökuð um tómlæti og að við sættum okkur við aðgerðir bankans.

Í samþykktum Lífeyrissjóðs bankamanna, segir skýrt og skilmerkilega í 3. gr. að allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, skuli vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Þeir einir sem eru undanskildir eru þeir starfsmenn sem eiga skylduaðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum.

Núverandi stjórnendum Landsbankans finnst sem sagt algerlega sjálfsagt að brjóta þessi skýru ákvæði samþykta í sjóði sem þeir hafa verið aðilar að í næstum 100 ár. Þeir hafa ekki valið að slíta samstarfinu um Lífeyrissjóð bankamanna, en finnst áfram sjálfsagt og eðlilegt að þeir geti haldið áfram að skipa stjórnarmenn í þennan sama sjóð.

Á undanfögnu ári hefur stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna átt í viðræðum við Landsbankann um að bankinn sjái framvegis um rekstur sjóðsins, eins og ég kom

inn á hér að framan. Að bankinn fari á bak við okkur með þessum hætti, að flytja tugi manns milli sjóða á meðan slíkar viðræður fara fram, hefur komið algerlega í bakið á okkur og valdið okkur miklum vonbrigðum. Eins og ég sagði á aðalfundi bankans getur þetta framferði varla verið í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu eins og segir í starfskjarastefnu bankans.

Mér vitandi eru engin viðurlög við framferði eins og þessu. Samstarf í lífeyrismálum byggir á kjarasamningum, siðferði og trausti. Siðferði og traust eru hvort tveggja þættir sem koma skýrt fram í starfskjarastefnu Landsbankans og öllum hans málflutningi. Að mínu mati hafa stjórnendur bankans ekki starfað í samræmi við þessi gildi með framferði sínu þar sem þeir þverbrjóta samþykktir lífeyrissjóðsins og allar reglur, venjur og hefðir um lífeyrismál á íslenskum vinnumarkaði. Fyrir mér eru skilaboð Landsbankans skýr – það þarf ekki að standa við alla samninga.

Góðir fundarmenn

Þetta er væntanlega síðasta skýrsla stjórnar sem ég flyt í þessum lífeyrissjóði. Í blálökin vil ég bara ítreka að Lífeyrissjóður bankamanna er þrátt fyrir allt öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður. Sjóðurinn stendur frammi fyrir mörgum áskorunum, en engum stórum alvarlegum. Stjórn leggur vissulega til skerðingu réttinda í Aldursdeild, en það er í fyrsta skipti sem það gerist. Við hefðum getað gert þetta í fyrra, þegar við vorum á mörkum kröfu um skerðingu, en völdum að vona að markaðir yrðu lífeyrissjóðunum hagstæðir. Ef litið er á stöðu margra annarra sjóða er tryggingafræðileg staða víða slæm, og á mörkum kröfu um skerðingar, þannig að það er von á skerðingum víðar nú eða á næstu árum ef aðstæður batna ekki. Efnahagsumhverfið er lífeyrissjóðunum óhagstætt um þessar mundir. Á næstu mánuðum og misserum er því mikilvægt að vanda sérhvert skref sem við tökum til að ná sem bestum árangri og mestum ábata fyrir sjóðfélaga.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott samstarf síðustu sex ár. Takk fyrir mig.

Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna“

Hinrik, fundarstjóri, þakkaði Ara fyrir hans yfirferð. Næsti dagskrárliður var ársreikningur 2023 og fjárfestingarstefnur. Fundarstjóri gerði að tillögu sinni að umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur yrðu teknar saman að loknum næsta dagskrárlið. Var það samþykkt.

#### 4) Ársreikningur 2023 og fjárfestingarstefnur.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2023 ásamt fjárfestingarstefnum deilda sjóðsins. Tryggvi benti á að ársreikningurinn lægi frammi á fundinum og að samhliða umfjöllun sinni myndi hann sýna glærur til frekari skýringa. Glærukynningin er aðgengileg á vef sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2024“ undir hlekknum „glærur“ og hefst umfjöllun um ársreikninga á bls. 9 í kynningunni.

Tryggvi hóf umfjöllun sína á því að stikla á stóru yfir nokkur atriði: ávöxtun 2023, samanburð á raunávöxtun opinna samtryggingarsjóða 2023 og samanburð á rekstrarkostnaði samtryggingarsjóða, sjá bls. 10-13 í kynningu. Í máli Tryggva kom fram að ávöxtun ársins 2023 hafi verið skárri en árið 2022. Markaðir hafi rétt úr kútnum og raunávöxtun verið jákvæð. Þá hafi verðbólga haldist há og raunávöxtun verið undir 3,5% viðmiði sem hafi lækkað tryggingafræðilega stöðu. Næst bar Tryggvi saman nafnávöxtun og raunávöxtun Aldursdeildar og Hlutfallsdeildar saman við ávöxtunartölur 2022. Hrein nafnávöxtun hjá Aldursdeild var 9,8% 2023 samanborið við 0,1% 2022 og hrein raunávöxtun 1,7% 2023 samanborið við -8,5% 2022. Hrein nafnávöxtun Hlutfallsdeildar var 10,3% samanborið við 7,2% 2022 og hrein raunávöxtun 2,1% 2023 samanborið við -2,0% 2022. Í máli Tryggva kom m.a. fram að við slíkan samanburð væri mikilvægt að taka tillit til mismunandi áhættustigs deildanna og þá hefðu mismunandi uppgjörsaðferðir áhrif sem jafnast út til lengri tíma. Tryggvi nefndi að mismunandi uppgjörsaðferðir skuldabréfa hefðu þó ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu, væru fyrst og fremst bókhaldslegar aðgerðir. Að lokum fjallaði Tryggvi um samanburð á raunávöxtun á milli lífeyrissjóða og sýndi glæru (nr. 11) sem sýndi raunávöxtun Aldursdeildar samanborið við aðra sjóði og að lokum bar Tryggvi saman rekstrarkostnað milli lífeyrissjóða. Í máli Tryggva kom m.a. fram að rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs bankamanna virtist vera mun lægri en rekstrarkostnaður sjóða af sambærilegri stærð.

Tryggvi vék máli sínu að ársreikningi 2023 fyrir Hlutfallsdeild, sjá bls. 14-23 í kynningu. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2023, efnahagsreikning 31. desember 2023, yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023, yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2023, skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega og þróun lífeyris hjá deildinni. Í máli Tryggva kom fram að iðgjöld hefðu lækkað milli ára og væru óverulegur hluti af rekstri deildarinnar. Þá hefðu lífeyrisgreiðslur farið vaxandi og hækkað milli ára. Þessi þróun væri fyrirsjáanleg. Á móti hefðu fjárfestingartekjur hækkað og voru tæpir 4. ma. kr. 2023 samanborið við tæpa 3 ma. kr. árið 2022. Á árinu 2023 hefði Hlutfallsdeild náð að standa undir lífeyrisgreiðslum með hreinum tekjum af eignasafni. Þá nefndi Tryggvi að stærð sjóðsins hefði staðið í stað síðustu árin en hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2023 hafi verið um 40,9 ma. kr. Næst vék Tryggvi máli sínu að efnahagsreikningi deildarinnar og nefndi að uppistaða eigna væru skuldabréf eða um 36,6 ma. kr. og væri það í samræmi við varfærið áhættustig sjóðsins, þá ætti deildin ca. 3 ma. kr. af innlendum hlutabréfum og um einn milljarð í handbært fé. Næst fjallaði Tryggvi um sjóðstreymið og í máli hans kom fram að breyting á hreinu ráðstöfunarfé til fjárfestingar væri neikvæð þar sem iðgjöld væru óveruleg og greiðsla lífeyris hærrí á móti. Þrátt fyrir þetta væri ekki fjárfestingarþörf hjá deildinni þar sem hún lifði á eignasafninu, eðli máls samkvæmt. Handbært fé í árslok jókst um 500 m. kr. Að lokum vék Tryggvi máli sínu að yfirliti um tryggingafræðilega stöðu deildarinnar 31. desember 2023. Í máli Tryggva kom fram að staða deildarinnar væri enn neikvæð en hefði minnkað milli ára úr -11,0% í ársbyrjun 2023 í -2,4% í lok árs 2023. Tryggvi nefndi að ráðuneytið hefði framkvæmt 11% skerðingu í desember 2023 sem hefði verið ansi seint. Tryggvi nefndi að Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur myndi fara nánar yfir tryggingafræðilega stöðu síðar á fundinum. Að lokum fjallaði Tryggvi um skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega og þróun lífeyris (glærur á bls. 22 og 23 í kynningu).

Næst fjallaði Tryggvi um ársreikning 2023 fyrir Aldursdeild og sýndi glæru á bls. 24-33 í kynningu. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2023, efnahagsreikning 31. desember 2023, yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2023, skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega og þróun lífeyris hjá deildinni. Í máli Tryggva kom fram að Aldursdeild væri hefðbundnari

lífeyrissjóður. Iðgjöld hefðu hækkað lítillega milli ára og líklega væru launahækkanir að vega upp fækkun sjóðfélaga deildarinnar. Þá mætti sjá aukningu í lífeyrisgreiðslum milli ára þar sem fleiri sjóðfélagar væru að komast á eftirlaunaaldur. Hreinar fjárfestingartekjur jukust gríðarlega milli ára, voru nánast engar 2022 en fóru í 6,3 ma. kr. 2023. Rekstrarkostnaður deildar stóð í stað milli ára, raunkostnaður minnkaði og hrein eign til greiðslu lífeyris jókst úr 62,5 ma. kr. í 69,5 ma. kr. Næst vék Tryggvi máli sínu að efnahagsreikningi Aldursdeildar. Í máli Tryggva kom fram að eignir deildarinnar skiptust til jafns á milli skuldabréfa og hlutabréfa, ólíkt Hlutfallsdeild sem væri að mestu í skuldabréfum. Þá væri svipuð staða skuldamegin og áður og „aðrar skuldir“ væru ósóttar greiðslur úr séreignarsjóðum þegar Stigadeild breyttist í Aldursdeild. Um væri að ræða ósóttar verðtryggðar eignir sem stæðu nú í 311 m. kr. Tryggvi nefndi að þessar eignir yrðu vonandi sóttar á endanum. Næst vék Tryggvi máli sínu að sjóðstreymi og yfirliti yfir tryggingafræðilega stöðu. Í máli Tryggva um tryggingafræðilega stöðu kom m.a. fram að tryggingafræðileg staða heildarskuldbindingar hafi farið yfir -10% mörkin í árslok 2023 en Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingar myndi fara betur yfir það síðar á fundinum. Að lokum fór Tryggvi yfir skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega og þróun lífeyris fyrir Aldursdeild, sjá nánar glærur á bls. 32 og 33 í kynningu.

Næst vék Tryggvi máli sínu að fjárfestingarstefnum sjóðsins og sýndi glærur á bls. 34 – 41 í kynningu. Tryggvi fór fyrst yfir fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar. Tryggvi nefndi að fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar væri mjög íhaldssöm þar sem deildin þoldi illa sveiflur. Af þeim sökum væri aðallega fjárfest í skuldabréfum til að takmarka áhættu. Næst fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Aldursdeildar. Tryggvi nefndi að fjárfestingarstefna Aldursdeildar væri hefðbundnari eins og sjá mætti af eignasamsetningu og víkmörkum sbr. bls. 37 í kynningu. Hvað þróun eignasamsetningar Aldursdeildar varðaði nefndi Tryggvi að stóra breytingin í þeim efnum væri hækkan á hlutfalli erlendra eigna sem var ca. 8% fyrir 10 árum en væri í dag 32%. Því næst fjallaði Tryggvi um samsetningu skuldbindingar Aldursdeildar, sjá bls. 40 í kynningu. Tryggvi nefndi að taflan sýndi um margt þróun, sem tengdist eflaust þessu sem hefði verið rætt um varðandi fækkun greiðandi sjóðfélaga og neikvæða nýliðun á undanförunum árum. Sjá mætti að þróunin hefði verið sú að áfallin skuldbinding hefði aukist jafnt og þétt á móti framtíðar skuldbindingu sem gerði deildina viðkvæmari fyrir sveiflum. Í baksýnispeglinum þýddi þetta mögulega að stjórn hefði haldið of mikið aftur af sér við að auka áhættustig fjárfestingarstefnu deildarinnar, en því yrði að halda til haga að það væri vandasamt að taka ákvörðun um fjárfestingarstefnu. Að lokum fór Tryggvi yfir þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar hjá Aldursdeild, þróun hreinnar eignar væri jöfn og þétt en raunávöxtun sveiflaðist, sem væri eðlilegt í ljósi áhættustigs deildarinnar.

Að lokinni yfirferð þakkaði Tryggvi fyrir sig.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur. Enginn bað um orðið.

Hinrik bar ársreikning 2023 til samþykktar. Var ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Næsti liður á dagskrá var tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

## 5) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins og sýndi glærur samhliða umfjöllun sinni, sjá bls. 42-51 í kynningu. Þá má benda á skýrslur Bjarna um tryggingafræðilega úttekt sjóðsins er aðgengileg á vef sjóðsins undir „Um sjóðinn“ og „Útgefið efni“.

Bjarni hóf umfjöllun sína á því að nefna að ástæðan fyrir tryggingafræðilegri úttekt á lífeyrissjóðum væri sú að sjóðfélagar ættu fyrirheit um að fá greiddan lífeyri eða makalífeyri í framtíð og til að auka líkur á að svo megi verða þá væri framkvæmd tryggingafræðileg úttekt þar sem leitast væri við að reikna út fyrir hóp sjóðfélaga hversu miklar eignir lífeyrissjóður þarf að eiga til að standa við þessi fyrirheit sem hafa verið gefin. Bjarni nefndi í þessu sambandi að tryggingafræðileg athugun færi eftir reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 391/1998, og það sem mestu skipti væru forsendur um vexti, lífslíkur og örorkulíkur. Bjarni nefndi að forsendur útreikninga 2023 fyrir sjóðinn hefðu verið óbreyttar frá fyrra ári en nýlegar breytingar hjá deildunum væru þó hjá Hlutfallsdeild þær að þar hefðu réttindi verið skert um 11% sem kom til framkvæmda í desember 2023 og hjá Aldursdeild hefði viðmiðun réttindaöflunar verið breytt úr 67 árum í 70 ár til þess að uppfylla kröfur laga um lágmarksréttindaöflun, en sú breyting tók gildi hjá sjóðnum 1.1.2024. Þá nefndi Bjarni að það sem hefði einkennt árið 2023 væri mikil hækkun verðlags, og þar með lífeyrisgreiðslna, og erfiðar aðstæður á eignamörkuðum, þó betri en árið 2022.

Bjarni fór næst yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar fyrir báðar deildir.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild sýndi Bjarni glærur á bls. 46-47 í kynningu. Bjarni nefndi að hlutfall eigna umfram skuldbindingar hefði samtals verið -2,4% samanborið við -11% árið áður. Bjarni nefndi að þrátt fyrir lækkun réttinda um þessi 11% væri kominn smá halli aftur og það væru ákveðin vonbrigði. Skýringar á því væru m.a. lækkun áfallinna lífeyrisskuldbindinga í árslok úr 44 ma. kr. í tæpa 42 ma. kr. og að skerðingin var ekki framkvæmd fyrr en í desember 2023, sem þýðir að mestan hluta ársins greiddi deildin út óskertan lífeyri.

Í umfjöllun sinni um Aldursdeild sýndi Bjarni glærur á bls. 49-50 í kynningu. Bjarni nefndi að hlutfall eigna umfram skuldbindingar hefði samtals verið -10,3% samanborið við -9,5% árið áður. Bjarni nefndi að þessi staða væri utan leyfðra vikmarka og fyrir fundinum lægi tillaga um lækkun áfallinna réttinda. Bjarni nefndi að Aldursdeild hefði hingað til ekki þurft að skerða lífeyrisréttindi en flestir sjóðir hefðu þurft að gera það í kringum efnahagshrunið.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir og gaf orðið laust.

Hinrik, fundarstjóri, spurði Bjarna hvort kórónuveiru (COVID-19) faraldurinn hefði haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Bjarni svaraði Hinrik og sagði ólíklegt að COVID-19 faraldurinn kæmi aftur og því væri ekki gert ráð fyrir áhrifum til framtíðar í tryggingafræðilegri úttekt.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls. Sigurjón vísaði í hlutfall eigna umfram skuldbindingar samtals hjá Hlutfallsdeild í -2,4% og spurði hvað þessi mínus þýddi á ári fyrir sjóðfélaga.

Bjarni svaraði Sigurjóni og sagði að hann væri ekki með gott svar í sjálfu sér. Þetta þýddi helst það að ef sjóður er með mínus og ef ekkert gengur betur þá leiðir þetta til þess að

ekki verða til nægir peningar í framtíð. Í tryggingafræðilegri úttekt væri verið að horfa einhverja áratugi fram í tímann og nefndi Bjarni að þetta þyrfti ekki að verða mikið betra en 3,5% raunávöxtun til að þetta gangi allt upp.

Ari Skúlason tók til máls og vísaði til þess að ráðuneytið hefði afgreitt skerðingu Hlutfallsdeildar í lok árs 2023 og spurði hvaða afleiðingar væru af því fyrir sjóðinn og hverjar afleiðinga yrðu fyrir vænta tillögu um skerðingu fyrir Aldursdeild, sem lægi fyrir á þessum fundi.

Bjarni svaraði og sagði ráðuneytið yfirleitt fljótara en þetta, þ.e. væri yfirleitt um mánuð að afgreiða svona mál. Varðandi Aldursdeild þá taldi Bjarni að svona seinagangur myndi ekki hafa mikil áhrif á þá deild þar sem lífeyrisgreiðslur væru mun lægri en hjá Hlutfallsdeild.

Fundarstjóri gaf orðið laust aftur. Enginn bað um orðið.

Næst var komið að tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins.

#### **6) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.**

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, bls. 51-53 í kynningu. Tryggvi fjallaði fyrst um breytingar á árinu 2023. Í máli Tryggva kom fram að viðmiðunaraldri í ávinnslutöflum Aldursdeildar til útreiknings á lágmarkstryggingarvernd hafi verið breytt úr 67 árum í 70 ár og það hefði verið gert til að uppfylla skilyrði laga. Þá hafi þess verið freistað að hækka iðgjald til Aldursdeildar úr 10% í 11%, en því hefði verið hafnað af aðildarfyrirtækjum. Tryggvi tók fram að hækkun viðmiðunaraldurs hefði lítil áhrif á réttindi og fyrirhugaðan lífeyristökualdur þar sem flýtingar- og frestunartöflum hafi verið breytt samhliða. Tryggvi nefndi að lokum að um væri að ræða viðmiðunaraldurinn 70 í útreikningstöflum en ekki sjálfan lífeyrisaldurinn.

Tryggvi kynnti því næst fyrstu og aðra tillögu um breytingar á samþykktum sjóðsins sem lágu fyrir fundinum.

Sjá næstu blaðsíðu.

### Fyrsta tillaga varðar Aldursdeild.

#### Breyting á 20. gr. "Eftirlaun", lið 20.2

**Var:**

Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 70 ára og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti, má hefja töku eftirlauna. Upphæð eftirlauna samkvæmt 1. mgr. lækkar þá samkvæmt töflu II (a).

**Verður:**

Sá, sem er orðinn 60 ára en ekki 70 ára og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti, má hefja töku eftirlauna. Upphæð eftirlauna samkvæmt 1. mgr. lækkar þá samkvæmt töflum II (a) og II (b).

### Önnur tillaga varðar Aldursdeild

#### Breyting á 20. gr. "Eftirlaun", lið 20.5

**Var:**

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 21.11. Ákvæði 20.2 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 70 ára aldur. Ákvæði 20.3 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 70 ára aldri er náð.

**Verður:**

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 21.11. Ákvæði 20.2 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 70 ára aldur. Ákvæði 20.3 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 70 ára aldri er náð.

#### Greinargerð með fyrstu og annarri tillögu er varða Aldursdeild

Breytingin er lögð til í því skyni að auka sveigjanleika í lífeyristöku til samræmis við það sem tíðkast hjá mörgum lífeyrissjóðum og gera sjóðfélögum kleift að hefja lífeyristöku við 60 ára aldur m.v. nýjar flýtingartöflur sem staðfestar voru í samþykktum 17. desember 2023.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust um fyrstu og aðra tillögu.

Stefán Jóhann Stefánsson tók til máls. Stefán sagði að það hefði komið fram að hækkun á viðmiðunarlífi hefði engin áhrif og spurði hvort það mat hefði farið fram formlega.

Bjarni Guðmundsson svaraði og sagði að töflur um að flýta og fresta töku lífeyris væru gerðar þannig að þær ættu ekki að hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins.

Hinrik, fundarstjóri, las því næst upp fyrstu tillögu og aðra tillögu og bar þær upp til atkvæða fyrir sjóðfélaga Aldursdeildar. Tillögurnar voru samþykktar.

Tryggvi, framkvæmdastjóri, kynnti næst þriðju tillöguna sem varðar Aldursdeild.

Sjá næstu blaðsíðu.

### Þriðja tillaga varðar Aldursdeild

#### Breyting á 19. gr. "Grundvöllur lífeyrisréttinda":

#### Ný málsgrein bætist við 19. gr. samþykkt og verði númer 19.11 og hljóði svo:

Samþykkt á ársfundi 29. maí 2024 lækkuð allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í Aldursdeild á árinu 2023 og fyrr um 12%. Fært sem lækkuð skuldbindinga í réttindayfirliti sjóðsins í desember 2023 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með næsta mánuði eftir að staðfesting fjármálaráðuneytis þar að lútandi liggur fyrir.

#### Greinargerð með þriðju tillögu er varðar Aldursdeild.

Breytingin er lögð til í því skyni að jafna þann mun sem myndast hefur á milli skuldbindinga og eigna deildarinnar. Nam hallinn um síðustu áramót 10,4% af heildarskuldbindingum deildarinnar og er því utan leyfðra vikmarka 39.gr. laga 129/1997. Því er sjóðnum skylt að lögum að bregðast við á þessum tímapunkti og byggir tillagan á minnisblaði frá tryggingafræðingi sjóðsins.

Aukinn halli Aldursdeildar er að stærstum hluta tilkominn vegna óhagstæðra aðstæðna á mörkuðum á árunum 2022 og 2023 sem leiddu til þess að raunávöxtun var undir viðmiði og halli myndaðist á áfallinni stöðu deildarinnar. Nam hallinn 9,5% af heildarskuldbindingum í lok árs 2022 og stöðu vonir til þess aðávöxtun á árinu 2023 bætti stöðuna.

Ávöxtun reyndist mun betri á árinu 2023 (1,7% raunávöxtun) en árið 2022 (-8,5% raunávöxtun) og verið talsvert umfram meðaltal Íslenskra lífeyrissjóða (0,5% raunávöxtun) en mikil verðbólga olli því það að raunávöxtun var undir 3,5% viðmiði. Því versnaði tryggingafræðileg staða um 0,8%

Auk þess tilgreindu réttindatöflur sjóðsins um nokkurt skeið hærri lífeyrisréttindi (hraðari ávinnslu) en eðlilegt var fyrir það iðgjald sem greitt var sem leiddi til þess að viðvarandi halli myndaðist á s.k. framtíðarstöðu deildarinnar sem ekki var talið unnt að leiðrétta vegna lagaskilyrða um lágmarkstryggingarvernd (56%). Neikvæð framtíðarstaða var loks leiðrétt með nýjum réttindatöflum sem tóku gildi 2023 en eftir sátu uppsöfnuð áhrif á heildarstöðu deildarinnar.

Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem áunnin réttindi eru lækkuð í Aldursdeild en slíkt hefur verið gert ítrekað hjá flestum lífeyrissjóðum.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust um þriðju tillögu. Enginn bað um orðið.

Hinrik bar tillöguna upp til atkvæða fyrir Aldursdeild. Tillagan var samþykkt.

Næsti dagskrárliður var kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

#### **7) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.**

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Anna Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins og var það samþykkt. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

## 8) Tilnefning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti þennan dagskrárlið. Í máli Tryggva kom fram að þann 31. janúar 2024 hafi tekið gildi breyting á lögum um ársreikninga sem bætti málslið við 2. mgr. 108. gr. laganna sem felur í sér að ef nefndarmaður í endurskoðunarnefnd er utanaðkomandi aðili þá skuli hann tilnefndur á aðalfundi.

Hinrik, fundarstjóri, þakkaði Tryggva fyrir og gaf orðið laust. Enginn bað um orðið.

Hinrik bar upp tillögu um að Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, yrði kjörinn til áframhaldandi starfa í endurskoðunarnefnd sjóðsins þar sem hann hefði starfað frá nóvember 2019. Tillagan var samþykkt.

## 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um hækkun á launum stjórnarmanna úr kr. 110.000.- á mánuði í kr. 120.000.- á mánuði, tvöföld laun fyrir formann. Laun varamanna hækki úr kr. 58.000.- í kr. 63.000.- fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærrí en kr. 120.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Sjá nánar bls. 60 í kynningu.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust um tillögu um að hækka laun stjórnarmanna og laun varamanna.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls og spurði hvort gert væri ráð fyrir lækkingu launa fyrir varaformann.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, svaraði og sagði að laun varaformanns yrðu óbreytt, þ.e. ein og hálf laun.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust. Enginn bað um orðið. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var tillagan samþykkt.

## 10) Önnur mál.

Hinrik, fundarstjóri, kynnti að næst væri komið að dagskrárliðnum önnur mál.

Ingólfur Guðmundsson bað um orðið. Ingólfur nefndi að hann hefði nú verið í stjórn sjóðsins í 8 ár og rifjaði upp að það hefði komið til þar sem fyrrum samstarfsfélagar hefðu óskað eftir því að hann byði fram starfskrafta sína. Ingólfur óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og óskaði henni alls hins besta í sínum störfum. Ingólfur sagði að hann vildi benda á tvennt, í fyrsta lagi þá væri verið að skipta út öllum þremur stjórnarmönnum sjóðfélaga á sama tíma og hann nefndi að hann teldi þetta að mörgu leyti óheppilegt og í öðru lagi þá væri ekki heppilegt að þeir starfi allir hjá sama aðildarfélaginu, en það gæti gert það að verkum að þeir ættu erfitt með að halda ræðu á aðalfundi Landsbankans eins og fyrrum formaður Ari Skúlason gerði síðast. Að lokum nefndi Ingólfur að ný stjórn væri að taka við góðu búi og hjá sjóðnum væri framúrskarandi starfsfólk. Ingólfur þakkaði kærlega fyrir sig og samstarfið og bað um að fundarmenn gæfu gott klapp.

Eyrún Anna Einarsdóttir bað um orðið. Eyrún kynnti sig sem framkvæmdastjóra hjá Landsbankanum og vildi fá að útskýra hlið stjórnenda bankans varðandi það sem fyrrum formaður hefði nefnt um að stjórnendur bankans væru að flytja fólk frá sjóðnum. Eyrún nefndi að Landsbankinn beindi fólki í sjóðinn en starfsfólk hefði ítrekað óskað eftir því að flytja sig. Landsbankinn hefði skoðað þetta vel og leitað álita og hafi ekki talið sér stætt að standa í vegi fyrir þessum óskum starfsfólks. Eyrún nefndi að hún vildi koma þessu á framfæri þar sem henni hafi þótt vegið að heilindum hennar og meðstjórnenda hennar hjá bankanum.

Ari Skúlason bað um orðið. Ari sagði að hann gæfi ekkert fyrir þessi rök. Landsbankinn væri aðildarfyrirtæki og samþykktir væru skýrar. Ari sagði að Landsbankinn væri að brjóta samþykktir sem hann hefði tekið þátt í að vera með í 100 ár. Að mati Ara væri Landsbankinn að segja að það þyrfti ekki að standa við alla samninga, bara suma. Ari þakkaði fyrir sig.

Hinrik, fundarstjóri, gaf orðið laust undir liðnum önnur mál. Enginn bað um orðið.

Hinrik þakkaði fyrir góðan fund. Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið um kl. 19:00. Fundarmenn voru um 30 talsins.

**Reykjavík, 3. júlí 2024**

Fundarstjóri:

  
Hinrik Greipsson

Fundarritari:

  
Pálmi Rögnvaldsson